

Fimmtudaginn 3. júní 1993.

Nr. 135/1992. **Særún hf.**

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

gegn

Kristni Bjarnasyni

(Hjalti Steinþórsson hrl.).

Sjómannalög. Vinnusamningar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Stefán Ólafsson, fulltrúi sýslumannsins á Blönduósi, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. mars 1992. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda í aðalsök í héraði. Þá krefst hann þess, að stefndi verði í gagnsök í héraði dæmdur til að greiða sér 125.199 krónur með vöxtum og vaxtavöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. nóvember 1989 til greiðsludags. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda í aðalsök og gagnsök í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Ágreiningur í máli þessu snýst um það, hvort stefndi hafi verið ölvaður og óhæfur til vinnu, þegar m/s Gissur hvíti HU-35, sem hann var ráðinn á, skyldi halda á veiðar að kvöldi 25. október 1989. Stefndi hefur sjálfur viðurkennt að hafa drukkið 2 til 3 bjóra, og eitt vitni hefur borið um ölvun stefnda. Útgerðarstjóri áfrýjanda og skipstjórinn á bátnum sáu ekki stefnda, en útgerðarstjórinn bar fyrir dómi, að starfsmaður á hótelinu, þar sem stefndi var staddur, hefði sagt sér í síma, að stefndi væri ölvaður.

Upplýsingar þessar eru ekki næg sönnun þess, að stefndi hafi verið óvinnufær, þegar leggja átti úr höfn, en hann átti að vera kokkur á bátnum þessa ferð. Engin frekari sönnun liggur fyrir um það, að hann hafi verið óhæfur til að gegna þeim störfum á skipinu, sem hann var ráðinn til. Verður framkoma hans í þetta sinn ekki metin ígildi þess að koma ekki til skips, enda tóku forsvarsmenn

áfrýjanda sjálfir þá ákvörðun án þess að ræða við stefnda að sækja hann ekki heim til sín, eins og venja var til. Stefnda var ekki tilkynnt um brottvikningu úr starfi fyrr en viku síðar, þegar báturinn var kominn aftur úr veiðiferðinni. Samkvæmt framansögðu og að öðru leyti með vísan til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Dæma skal áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Særún hf., greiði stefnda, Kristni Bjarnasyni, 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómpings Húnavatnssýslu 17. febrúar 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. janúar sl., hefur Særún hf., kt. 490474-0489, Efstubraut 1, Blönduósi, höfðað fyrir dóminum 16. september 1991 með stefnu, dagsettri 10. september 1991, á hendur Kristni Bjarnasyni, kt. 091048-4509, Brekkubýggð 11, Blönduósi, til heimtu eftirstöðva námsláns og viðskiptaskuldar.

Endanlegar dómröfur stefnanda eru þær, að stefndi, Kristinn Bjarnason, verði dæmdur til greiðslu á 43.185 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnaði].

Dómröfur stefnda eru þær, að hann verði alsýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til þess að greiða stefnda málskostnað samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi með 24,5% virðisaukaskatti og vöxtum skv. 175. gr. laga nr. 85/1936.

Að sögn stefnanda eru málavextir þeir, að 27. ágúst 1987 gerðu stefnandi og stefndi með sér samning um það, að stefnandi veitti stefnda námslán, samtals að fjárhæð 630.000 kr. Var um samið, að það skyldi greitt stefnda með níu mánaðarlegum greiðslum, að fjárhæð 70.000,00 kr. á mánuði, frá 1. 9. 1987 — 31. 5. 1988. Námslán það, sem stefndi fékk, nam þó ekki nema 420.000 kr., þegar upp var staðið. Stefndi fékk því aðeins sex greiðslur af láninu, að fjárhæð 70.000 kr. hverja. Ástæðan er sú, að nám stefnda stóð aðeins yfir í sex mánuði í stað níu, eins og ráð hafði verið gert fyrir. Stefndi hóf síðan störf aftur hjá stefnanda, eftir að hann lauk námi sínu, en því lauk hann um mánaðamót febrúar/mars árið 1988.

Í samningi stefnanda og stefnda var kveðið á um, að ef stefndi vanefndi vinnuskyldu sína við stefnanda, væri allt lánið gjaldfallið auk hæstu lögleyfðu vaxta frá útborgunardegi. Stefndi vanefndi síðan vinnuskyldu sína við stefnanda 25. október 1989, svo að vísa þurfti honum úr skiprúmi.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að samkvæmt viðskiptareikningi stefnda skuldi hann sér stefnufjárhæðina. Þá reisir stefnandi vaxtakröfu sína á ákvæðum lánssamnings aðila, dags. 27/8 1987, þar sem segir, að af láni til stefnda skv. þeim samningi skuli greiða hæstu lögleyfðu vexti frá útborgunardegi, komi til þess, að stefndi vanefni vinnuskyldu sína við stefnanda. Þessi vanefnd kom til 25/10 1989, þegar stefndi kom ekki til skips hjá stefnanda og var af þeim sökum vikið úr starfi.

Þá vísast til almennra reglna samninga- og kröfuréttar.

Krafa um málskostnað er reist á 1. nr. 85/1936, aðallega 177. gr., og krafan um virðisaukaskatt á 1. nr. 50/1988.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Ekki er gerð sjálfstæð krafa um frávísun, en málatilbúnaður stefnanda brýtur í svo verulegum atriðum gegn lögum nr. 85/1936, að varða ætti frávísun ex officio. Ekki eru lögð fram nein gögn því til staðfestingar, að stefnandi hafi greitt út lánið til stefnda, og ekki heldur nein gögn um það, hvaða greiðslur frá stefnda eru notaðar til endurgreiðslu á láninu eða með hvaða hætti þeim er ráðstafað.

Sýknukrafa stefnda er reist á því, að lánssamningurinn sé að fullu greiddur. Skv. samningnum skyldi lán stefnanda greitt á tímabilinu 1. sept. 1987 til 31. maí 1988. Skv. því er ljóst, að engin greiðsla fyrir þann tíma né heldur eftir þann tíma getur verið á grundvelli samningsins. Á dskj. nr. 3, bls. 3, sést, að saldó-talan eftir fskj. nr. 90942 er 4.108 kr., þ. e. kredit 4.108 kr., eða með öðrum orðum, að stefndi á þá inni hjá stefnanda 4.108 kr. Þetta er í júní 1989 og þýðir, að skv. útreikningum stefnanda sjálfs er stefndi skuldlaus við hann í júní 1989. Ljóst er, eins og áður er rakið, að hafi eftir þann tíma stofnast skuld hjá stefnda við stefnanda, var hún ekki á grundvelli samningsins. Lán stefnanda til stefnda var því að fullu greitt eigi síðar en í júní 1989.

Stefndi krefst einnig sýknu af öllum vaxtakröfum stefnanda, enda hlýtur það að vera skilyrði vaxtakröfu, að sýnt sé fram á þetta atriði. Stefndi sýnir því hvergi fram á gjalddaga kröfu sinnar og honum því óheimilt að reikna sér vexti, sbr. 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 4. gr. 1. nr. 67/1989.

Málskostnaðarkrafa stefnda er reist á 1. mgr. 177. gr. 1. nr. 85/1936. Enn fremur er gerð krafa um refsímálskostnað úr hendi stefnda á grundvelli

1. og 3. tl. 2. mgr. 177. gr. 1. nr. 85/1936, en stefnandi vissi, eins og fram kemur í gögnum hans, að krafan var að fullu greidd í júní 1989, rúmlega tveimur árum áður en hann höfðar mál þetta. Krafan um virðisaukaskatt er reist á 1. nr. 50/1988, en stefnandi rekur ekki virðisaukaskattsskylda starfsemi og honum því nauðsynlegt að fá dæmdan virðisaukaskatt á málskostnað.

Við munnlegan flutning málsins kom fyrir dóminn vitnið Gísli Jóhannes Grímsson, kt. 160750-4649, Efri-Mýrum, Engihlíðarhreppi, bókarí stefnanda.

Vitnið var spurt um dómskjal nr. 3, hreyfingarlista, og sagði, að um væri að ræða heildarviðskiptareikning stefnda við stefnanda. Á þessum reikningi væri m. a. námslán til stefnda, húsaleiga, sem stefnandi greiddi stefnda, greiðslur upp í laun og hlífðarfatnaður, sem stefndi fékk hjá stefnanda. Vitnið kvað námslán til stefnda samtals hafa numið 420.000 kr., þ. e. 70 þúsund krónur á mánuði í sex mánuði.

Þá segir vitnið, að skv. dómskjali nr. 3, hreyfingarlista, skuldi stefndi stefnanda 43.185 kr., þegar hann lauk störfum hjá stefnanda í október 1989.

Vitnið kveður stefnda hafa sannprófað skuldastöðu sína gagnvart stefnanda, því að eftir útgáfu stefnunnar hafi stefndi komið til sín til að fá ljósrít af reikningum og eftir það sagt, að hreyfingarlistinn (dómskj. nr. 3) væri réttur, þ. e., að stefndi skuldaði stefnanda 43.185 kr. Að lokum tók vitnið fram, að endurskoðandi hefði farið yfir umræddan hreyfingarlista og ekki gert athugasemdir við hann.

Þegar skýrslutöku var lokið, var gerð úrslitatilraun til sátta, en án árangurs.

Við málflutninginn komu fram nánari rök til stuðnings málsástæðum aðila.

Niðurstaða dómsins.

Stefnandi þessa máls, Særún hf., fer fram á það, að stefndi, Kristinn Bjarnason, greiði sér 43.185 kr. með ársvöxtum frá 1. júní 1988, en með dráttarvöxtum frá 1. nóvember 1989 til greiðsludags. Hvergi kemur fram í gögnum málsins, að stefnandi hafi krafið stefnda um greiðslu á skuldinni, en vaxtakrafa stefnanda byggist á því, að skuld stefnda sé vegna námslánsins. Á dómskjali nr. 4, sem er námssamningur, kemur fram í 4. gr., að vanefni nemandi vinnuskyldu sína við Særúnu hf., sé veitt lán allt gjaldfallið ásamt hæstu lögleyfðu vöxtum frá útborgunardegi.

Stefnandi reisir því vaxtakröfu sína á 1. mgr. 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Eins og mál þetta liggur fyrir, telst stefnandi ekki hafa sannað það, að stefndi hafi vanefnt vinnuskyldu sína, né heldur það, að skuld stefnda

sé vegna námslánsins, en ekki annarra viðskipta stefnda og stefnanda. Er því stefnanda óheimilt að reikna sér vexti skv. ákvæðum námssamningsins og 1. mgr. 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Kemur þá til athugunar, hvort stefnandi hafi sannað nægjanlega tilvist kröfu sinnar, sem fram kemur á dómskjali nr. 3, hreyfingarlista. Með tilliti til allra málsatvika og þá sérstaklega vitnisburðar Gísla Grímssonar, sem var ekki mótmælt, telst stefnandi hafa sannað það, að stefndi skuldaði honum 43.185 kr., er stefndi hætti störfum hjá stefnanda 25. október 1989. Verður því að taka kröfu stefnanda til greina, og ber hún dráttarvexti skv. 4. mgr. 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Þá telst málskostnaður til stefnanda hæfilega ákveðinn 60.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Kristinn Bjarnason, greiði stefnanda, Særúnu hf., 43.185 kr. auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 16. september 1991 til greiðsludags og málskostnaðar, 60.000 kr., allt innan 15 daga frá birtingu dómsins að telja að viðlagðri aðför að lögum.
